

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 5. maí 2021

18. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Upplifðu faglega og persónulega þjónustu

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Margþættur verðbólguþrýstingur
Sjóðsstjóri hjá Akta varar við því að einblína um of á húsnæðisliðinn. Kjölfesta verðbólguvæntinga sé ekki eins traust og hún var fyrr í vetur.

2

Biðja um úttekt á SKE
Unnið er að því að leggja skýrslubeiðni fyrir Alþingi sem felur í sér að Ríkisendurskoðun geri stjórn-sýsluúttekt á starfsemi Samkeppniseftirlitsins.

2

Frumtak að loka sjö milljarða sjóði
Í fyrsta sinn sem rekstrarfélag vísisjóða stofnar sinn þriðja sjóð. Áhersla á að fá erlenda fjárfesta til liðs við uppbyggingu á nýsköpunarfyrirtækjum.

4

Ætlum ekki að sigra heiminn
Birgir Jónsson, nýr forstjóri Play, segir að nálgun Play verði ekki sú að vaxa hratt heldur frekar að vera lítið flugfélag sem geti skilað góðri afkomu.

8

Þrískipt hagkerfi
Nærtækara er að hægja á eftirspurn á íbúðamarkaði að hluta með þjóðhagsvarúðartækjum fremur en beita eingöngu vaxtækkinu til að kæla þann markað.

10

Styrkir lina þjáningar en bjarga engu

Forstjóri Sýnar segir sláandi hversu langt RÚV gangi í samkeppni við einkamiðla. Fjölmiðlafrumvarpið sé plástur á sár sem stækkar og stækkar. ➔6



Það er miklu nær að jafna leikinn frekar en að fást við afleiðingarnar.



FRÉTTABLAÐID/ERNIR



Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK
opticalstudio.is sími : 551 - 5800

Brands: OAKLEY, Dior, VERSACE, Alexander McQUEEN, Chloé, Maui Jim, TOD'S, Ray-Ban, Brioni, Leica, Persol, SAINT LAURENT PARIS, DITA, PRADA, Cartier, orgreen, STELLA MCCARTNEY, CÉLINE, TOM FORD, GUCCI, BURBERRY, LINDBERG, BALENCIAGA, BOTTEGA VENETA, GIORGIO ARMANI, VALENTINO, DOLCE & GABBANA, BVLGARI, GOSOME BEARZ.



Heimsmarkaðsverð á timbri er þessa dagana í sögulegu hámarki.

Töluverð verðhækkun á timbri væntanleg í sumar

Töluverðar verðhækkunir á timbri eru í kortunum innanlands, en gríðarhröð verðhækkun timburs á heimsmarkaði er ekki að fullu komin fram hér á landi. Konráð Vilhjálmsson, vörflokkastjóri hjá Byko, sem annast meðal annars innflutning fyrir timbursölu Byko, segir að verðhækkun erlendis frá því í september síðastliðnum og fram í apríl á þessu ári sé um 60 prósent, sé miðað við innkaupsverð Byko.

Á sama tíma hafi söluverð timburs hjá Byko aðeins hækkad um 10 til 13 prósent. Því er einsýnt að verð muni hækka töluvert hér á landi yfir sumarmánuðina.

Pétur Andrésson, framkvæmdastjóri vörusviðs Húsasmiðjunnar, hefur svipaða sögu að segja og nefnir að Húsasmiðjan hafi þegar hækkað verð á timbri um 20 prósent og í jafnvel meira fyrir ákveðnar vörutegundir. „Það sem við heyrum af markaðnum að utan er að verðið muni frekar halda áfram að hækka í sumar ef eitthvað er. Við höfum þegar þurft að hækka verð og ef heldur fram sem horfir þarf líklega að endurtaka leikinn í sumar eða haust,“ segir Pétur.

Heimsmarkaðsverð á timbri er nú í sögulegu hámarki og er fimm til sex sinnum hærra en það hefur verið á undanföllum árum.

„Hækkunin á heimsmarkaði er ekki næstum því að fullu komin fram, enda tekur einn til þrjá mánuði að velja öllum lagernum,“ segir Konráð. Hann nefnir einnig að vanalega séu timburverð ákvörðuð á ársfjórðungsgrundvelli, en núna séu verðbreytingar kvikari og allar pantanir taki jafnan mið af stund-

Það sem við heyrum af markaðnum að utan er að verðið muni frekar halda áfram að hækka í sumar ef eitthvað er.

Pétur Andrésson, framkvæmdastjóri vörusviðs Húsasmiðjunnar



arverði (e. spot) timburs á hverjum tíma.

Miklar verðhækkunir á timbri á heimsmarkaði megi rekja til bæði framboðs- og eftirspurnardrifinna þátta. Allnokkrar timburmyllur hafi hætt starfsemi í Evrópu um skeið á síðasta ári, sem gerði það að verkum að mjög gekk á birgðastöðu í álfunni.

Á sama tíma hefur eftirspurn aukist mikið í Bandaríkjunum vegna mikils uppgangs á fasteignamarkaði þar í landi. Svo mikil er eftirspurnaraukningin í Bandaríkjunum að fyrirtæki þar hafi leitað inn á Evrópumarkað í mjög auknum mæli.

Konráð telur þó ekki að Íslendingar þurfi að líða timburskort á komandi mánuðum, þrátt fyrir að markaðurinn sé með heitasta móti. Íslenskir timburinnflytjendur njóti margra áratuga viðskiptasambanda við erlendra birgja sem muni tryggja framboð. Þar að auki sé timburnotkun á Íslandi litil í hinu stóra samhengi og því ekki meiri háttar mál að finna nægilega mikið magn til að uppfylla eftirspurn á Íslandi. – thg

Margt leggst á eitt við að þrýsta upp verðlagi

Verðbólguþrýstingurinn kann að vera margþættari en síðasta mæling gefur til kynna. Sjóðsstjóri hjá Akta varar við því að einblína um of á húsnæðisliðinn. Kjölfesta verðbólguvæntinga sé ekki eins traust og hún var fyrr í vetur.

Verðbólguþrýstingurinn kann að vera margþættari en aprilmæling Hagstofunnar gefur til kynna. Enn er skrið á þrengri mælikvörðum sem undanskilja húsnæðisliðinn á sama tíma og efnahagshorfur fara batnandi víða um heim og skarp- ar hækkanir hrávörverðs draga úr þeim hjaðnandi áhrifum sem gengisstyrkingu er ætlað að hafa.

Hagstofan greindi frá því í síðustu viku að vísitala neysluverðs hefði hækkað um 0,71 prósent í apríl. Tölf mánaða verðbólga hækkaði því úr 4,3 prósentum í 4,6 prósent. Verðbólguvænting var langt umfram væntingar greinenda.

„Ef við skoðum aprilmánuð einan og sér þá var framlag húsnæðisliðarins töluvert. En verðbólguþrýstingurinn er margþættur,“ segir Birgir Haraldsson, sjóðsstjóri hjá Akta sjóðum.


Hækkandi fasteignaverð er megin- drifkraftur verðbólgunnar í apríl, en reiknuð húsaleiga hækkaði um 2,5 prósent í mánuðinum sem hafði áhrif til 0,4 prósent hækkanar á vísitölu neysluverðs.

Birgir varar við að einblína um of á þróun fasteignaverðs. Innlent verðlag án húsnæðis, sem hefur 45 prósent vægi í vísitölu neysluverðs, hafi sem dæmi farið úr 1,8 prósent árs- hækkan í júlí og upp í 3,4 prósent í apríl. Þessi liður er því kominn vel yfir 2,5 prósentu verðbólguvænting Seðlabankans og hefur árs- hækkanin á innlendu verðlagi ekki verið meiri síðan í byrjun árs 2015.

Þá bendir hann á að kjarnaverð- bólga hafi hækkað enn meira í apríl og árstakturinn sé nú 5,3 prósent. Kjarnaverðbólga er þrengri mæli- kvarði á almennar verðlagsbreytingar. Hún undanskilur þannig áhrif þátta sem Seðlabankinn hefur enga stjórn á, til dæmis verðum á innfluttum mat- vælum og bensini sem ráðast á heimsmarkaði, auk þeirra þátta sem hann hefur bein áhrif á með vaxtaákvörðunum sínum.

„Kronan hefur verið að styrkjast en ef við skoðum hrávörúvísitölur þá hafa verðin samt hækkað í krónum þrátt fyrir þessa gengisstyrkingu því afurðaverð heldur áfram að hækka. Nýjustu kannanir á iðnfyrirtækjum á heimsvísu sýna einnig að verð á full- unnum afurðum þeirra hefur aldrei hækkað eins skarpt í einum mánuði

Verðbólguþrýstingur



og í apríl frá því að mælingar hófust 2009. Styrking krónunnar,“ bætir Birgir við, „hefur því ekki endilega haft jafn hjaðnandi áhrif á innflutta verðbólgu og ætla mátti.“

„Þessar tölur bera með sér að verðbólgan verði þrálátari en áður var búist við,“ segir Ingólfur Snorri Kristjánsson, forstöðumaður skuldabréfastýringar hjá Íslandssjóðum. „Styrking krónunnar gæti togað hana eitthvað niður en ég er ekki viss um að það dugi eitt og sér.“

Birgir nefnir að erlendir seðlabankar, til dæmis Seðlabanki Svíþjóðar í síðustu viku, hafi hækkað hagvaxtarspár fyrir heimsbúskapinn fyrir þetta og næsta ár. „Það er ekki ólíklegt að spárnar frá Seðlabankanum sýni svipaða þróun eftir tvær vikur. Ef hagvaxtarspár batna hérlendis þá gæti framleiðslulakinn sem spáð er 2022 horfið að fullu. Þá verður erfitt að horfa fram hjá því að kjarnaverðbólga sitji í 5,3 prósentum,“ segir Birgir.

Þegar Seðlabankinn lækkaði vexti í nóvember var vísað til þess að kjölfesta verðbólguvæntinga væri traust. Síðan þá hafa verðbólguvæntingar, á markaði og samkvæmt könnunum á heimilum og fyrirtækjum, hækkað.

„Það virðast vera meiri líkur en minni á því að þær hækki enn frekar á næstu vikum. Kjölfesta verðbólguvæntinga er því alls ekki eins traust

og hún var fyrir nokkrum mánuðum síðan,“ segir Birgir.

„Það verður skýrara með hverjum degi hvað þarf að gera og það er ekki endilega vinsæl ákvörðun,“ segir Birgir og á þar við vaxtahækkun. „Bankinn má ekki við því að fólk missi trú á verðbólguvæntingum.“

Þjóðhagsráð, sem er skipað for- ystumönnum ríkisstjórnarinnar og stéttarfélaganna, seðlabankastjóra og framkvæmdastjóra SA, mun koma saman til fundar á morgun samkvæmt heimildum Markaðarins. Þjóðhagsráð fjallar um samhengi opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála í tengslum við viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni.

Spurður hvort Seðlabankinn sé líklegri til að hækka vexti heldur en að herða veðsetningarhlutföll fasteignalána til að kæla fasteignamarkaðinn bendir Birgir á að það virðist alls ekki vera mikil bóluvænting á fasteignamarkaðinum. „Nærtækara væri að hækka vexti ef Seðlabankinn vill vinna á verðbólgunni og halda verð- bólguvæntingum í skefjum.“

Ingólfur Snorri segir að bankinn muni örugglega gripa til þjóðhags- varúðartækja. „Hann getur hækkað vexti en atvinnuleysi er hátt og fyrirtæki þurfa enn á lágum vöxtum að halda til að koma fjárfestingu af stað.“ thorsteinn@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hördur Eðgisson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Björn Viglundsson

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA

Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á WWW.IV.IS

ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

Biðja um úttekt á Samkeppniseftirlitinu

Unnið er að því að leggja skýrslubeiðni fyrir Alþingi sem felur í sér að Ríkisendurskoðun geri stjórnsluúttekt á starfsemi Samkeppniseftirlitsins. Þetta herma áreiðanlegar heimildir Markaðarins.

Frumkvæðið áttu Óli Björn Káson og Brynjar Nielsson, þingmenn Sjálfstæðisflokksins og nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, en væntingar standa til þess að þingmenn fleiri flokka komi að skýrslubeiðninni. Níu þingmenn þarf til þess að leggja fram slíka beiðni.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst mun stjórnsluúttektin beinast að þeirri starfsemi Samkeppniseftirlitsins sem snýr að samrunum fyrirtækja. Þannig verður lagt mat á eftirlitshlutverk stofnunarinnar, árangur samrunamála og hvernig þeim hefur verið háttað á síðustu árum.



Páll Gunnar Pálsson er forstjóri eftirlitsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Samtök atvinnulífsins hafa kallað eftir stjórnsluúttekt á Samkeppniseftirlitinu en Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, sagði í samtali í mars í Fréttablaðinu að samskipti Festar og Samkeppniseftirlitsins, vektu upp áleitnar spurningar.


Vísandi hann þar til mikils kostnaðar Festar af óháðum kunnáttu-

manni, sem var skipaður í kjölfar sáttar við Samkeppniseftirlitið, og örðugleika í samskiptum smásölu- félagsins og eftirlitsstofnunarinnar.

Þá var í lok mars haft eftir Óla Birni að skynsamlegt væri, jafnt fyrir Samkeppniseftirlitið og atvinnulífið, að óskað yrði eftir því við Ríkisendurskoðun að vinna stjórnsluúttekt á stofnuninni.

„Fyrir þingið er mikilvægt að ítarlegar og góðar upplýsingar um starfsemi, frammistöðu stjórnvalda, ekki síst eftirlitsstofnana, liggja fyrir á hverjum tíma. Stjórnsluúttekt er eitt mikilvægasta og öflugasta verkferið sem löggjafinn hefur í eftirliti með framkvæmdarvaldinu,“ sagði Óli Björn.

Hann tók fram að tilefnið einkoræðist ekki við ágreining Festar og eftirlitsstofnunarinnar. Ræða þyrfti almennt um störf stofnunarinnar, rammann sem hún starfaði eftir og traust í hennar garð. – þfh



Tryggingar sem henta þínu fyrirtæki

Símanúmer fyrirtækjapjónustu Sjóvá **440 2170**



„Við tryggjum hjá Sjóvá“
- Algalíf

SJÓVÁ

Við að loka sjö milljarða vísisjóði

Í fyrsta sinn sem rekstrarfélag vísisjóða stofnar sinn þriðja sjóð. Fjárfestarnir eru að stórum hluta sömu lífeyrissjóðir og lögðu fé í fyrri sjóði Frumtaks Ventures. Leggja áherslu á að fá erlenda fjárfesta til liðs við sig við uppbyggingu á nýsköpunarfyrirtækjum.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Frumtak Ventures er að lokametrunum að loka sjö milljarða vísisjóði. Horft er til þess að Kria, fjárfestingarsjóður á vegum ríkisins sem fjárfestir í vísisjóðum, muni leggja sjóðnum til aukið fé til frekari stækkunar. Þetta segir Ásthildur Otharsdóttir, meðeigandi og fjárfestingastjóri hjá Frumtaksi Ventures.

„Þetta verður í fyrsta skipti á Íslandi sem rekstrarfélag vísisjóða stofnar sinn þriðja sjóð,“ segir hún. Sjóðir Frumtaks hafa meðal annars fjárfest í Controlant, Sidekick Health og Meniga. „Fjárfestarnir í nýja sjóðnum eru að stórum hluta sömu lífeyrissjóðir og lögðu fé í okkar fyrri sjóði,“ segir Ásthildur.

Að hennar sögn mun sjóðurinn fjárfesta í fyrirtækjum sem eru komin af klakstigi og hyggja á mikinn vöxt alþjóðlega. Horft sé til þess að fjárfesta í átta til tíu fyrirtækjum. Í upphafi verði lagðar 150 til 200 milljónir króna í fyrirtækin og fyrirtækjum fylgt eftir með frekari fjárfestingum samhliða vexti eða öðrum áfangasignum.

Brunnur Ventures hleypti nýverið af stokkunum sínum öðrum sjóði sem er 8,3 milljarðar að stærð. Kvika eignastýring kom á fót vísisjóðnum íðunni sem leggja mun áherslu á líf-vísindi og heilsutækni. Áskriftarloforð námu 6,7 milljörðum króna eftir fyrstu umferð söfnunar en síðari umferð söfnunar lýkur í september. Fram hefur komið í Markaðinum að Eyrir Venture Management og Crowberry Capital vinni að því að safna í nýja vísisjóði og að Bala Kamallakharan, sem rekur Iceland Venture Studio, vilji stofna vísisjóð.

„Ég hef engar áhyggjur af því að það muni skorta fjárfestingartækifæri jafnvel þótt fleiri vísisjóðum verði hleypt af stokkunum um svipad leyti. Aukið aðgengi að fjármagni hvetur jú til meiri nýsköpunar. Það er mikil gróska í frumkvöðla-umhverfinu um þessar mundir og mörg fyrirtæki hafa þegar knúð dýra hjá okkur þótt sjóðnum hafi ekki enn verið ýtt úr vör.“

Jafnframt ber að hafa í huga að vísisjóðir á Íslandi hafa ólíkar áherslur. Það er mikilvægt fyrir frumkvöðla að standa frammi fyrir valkostum. Jafnvel þótt tiltekið sprotafyrirtækið höfði ekki til einhverra fjárfesta, kann það vera spennandi í huga annarra,“ segir Ásthildur.

Hún segir að Frumtak leggi áherslu á að fá erlenda fjárfesta til liðs við sig við uppbyggingu á nýsköpunarfyrirtækjum. „Fyrirtækin þurfa nefnilega ekki einungis fjármagn til að ná árangri heldur



Ásthildur Otharsdóttir segir að við sem þjóð eigum að fagna erlendri fjárfestingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Frá Marel til Frumtaks

Ásthildur, sem sat í stjórn Marel í ellefu ár og var í rúm sjö ár stjórnarformaður fyrirtækisins þar til í mars, réði sig nýverið til Frumtaks Ventures. Hún gegnir starfi fjárfestingastjóra og er á meðal hluthafa. Ásthildur þekkir vel til á nýjum vettvangi því hún var stjórnarformaður Frumtaks Ventures frá árinu 2015 þar til fyrir skemmstu.

Blaðamaður spyr hvers vegna hún hafi ákveðið að ráða sig til Frumtaks Ventures og helga sig uppbyggingu sprotafyrirtækja eftir að hafa starfað lengi hjá stórum fyrirtækjum á borð við Marel og Össur.

„Það er hollt að staldra við og leiða hugann að því hvert förinni sé heitið. Ég verð ávarandi þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í vegferð Marel. Á þeim tíma sem ég starfaði í stjórninni voru keypt átta fyrirtæki, markaðsvirðið 15-faldaðist og félagið var skráð í kauphöll í Amsterdam.“

Þegar þeirri hugmynd var gausað að mér að ganga til

liðs við Frumtak Ventures ýtti ég henni satt best að segja til hliðar. Ég var afar sátt við að sitja í stjórn fyrirtækisins og þótti það skemmtilegt.

Þegar ég áttaði mig á að komið væri að kaflaskilum fékk ég ráðgjafa til að aðstoða mig við að teikna upp nokkrar sviðsmyndir fyrir starfsferil minn. Eftir þá vinnu fannst mér blasa við hvað starfið hjá Frumtaksi Ventures félli vel að áhugasviði mínu og að þar gæti reynsla mín nýst vel. Ég hef lengi brunnið fyrir mikilvægi þess að efla hugvitsdrifinn iðnað til að tryggja hagsæld á Íslandi.

Þegar ég vann við rekstrarráðgjöf, meðal annars hjá Accenture í Danmörku og á eigin vegum í Bandaríkjunum, og síðar sem lánastjóri hjá Kaupþingi, kom það oft fyrir að mér þótti viðskiptavinurinn áhugaverðari en fyrirtækið sem ég starfaði sjálf hjá.

Þegar ég starfaði hjá Kaupþingi var Össur uppáhaldsviðskiptavinur minn og mér tókst að sannfæra stjórnendur fyrirtækisins um að ráða mig til að stýra viðskipta-

þróun, taka þátt í kaupum á fyrirtækjum og fjármagna vöxtinn. Hjá Össuri fékk ég verðmæta innsýn í nýsköpunarumhverfið. Þar áttaði ég mig á því að ég vildi starfa við nýsköpun í alþjóðlegu umhverfi. Eftir fjögur ár hjá Össuri settist ég í stjórn Marel,“ segir hún.

Ásthildur situr í stjórn Íslandsstofu og háskólaráði Háskóla Íslands. „Controlant, sem Frumtak 2 á í og sér um dreifingu á COVID-19 bóluefni Pfizer á heimsvísu, og Marel spruttu bæði úr hugmyndum sem urðu til í Háskóla Íslands. Vel menntað fólk er hluti af ástæðunni fyrir frjóum jarðvegi í nýsköpun. Við þurfum að hlúa enn frekar að menntun til að skara fram úr á þessu sviði,“ segir hún.

Ásthildur situr jafnframt í ráðgjafarráði Boards Impact Forum, sem eru samtök stjórnarmanna á Norðurlöndum sem einbeita sér að því að efla sjálfbærni í gegnum stjórnarsetu í fyrirtækjum.

Hún sat í stjórn Icelandair Group á árunum 2012 til 2019 og stjórn Marorku 2010 til 2016.

einnig stuðning frá þeim sem hafa þekkingu á atvinnugreininni. Réttu erlendu fjárfestarnir geta opnað dyr og tengt saman fólk sem er afar mikilvægt fyrir framgang fyrirtækjanna. Ísland er lítið land og því er takmarkað svigrúm til sérhæfingar hjá fjárfestum. Íslenskir vísisjóðir hafa mikla þekkingu á að koma fyrirtækjum af stað en eftir því sem starfseminni vex fiskur um hrygg er gott að fá djúpa þekkingu á málaflokknum að borði.“

Ásthildur segir að við sem þjóð eigum ekki að hræðast það að erlent fé leiti til Íslands heldur fagna því. „Að sjálfsgöðu eigum við að tryggja

yfirráð yfir auðlindum okkar en við verðum að hafa hugfast að erlend fjárfesting er afar mikilvæg fyrir hagsæld á Íslandi. Aukin fjárfesting leiðir til betri samkeppnishæfni og meiri áhættudreifingar. Þess vegna þurfum við að róa öllum árum að því að skapa þannig aðstæður að áhugavert sé að reka fyrirtæki hér á landi.“

Jafnvel þótt tiltekið fyrirtæki væri alfarið í eigu erlendra fjárfesta en rekið hér á landi þá hefði það í för með sér að rekstrarkostnaður væri innlendir, fyrirtækið myndi greiða hér laun, skatta og önnur opinber gjöld, kaupa aðföng frá íslenskum birgjum og svo framvegis. Við bætist

aukin þekking, reynsla og tengsl við alþjóðlegan markað sem er fyrirtækjum til hagsbóta og eykur líkur á árangri.“

Á undanförunum árum hafa erlendir vísisjóðir fjárfest umtalsvert í íslenskum vaxtarfyrirtækjum. Það þekktist varla fyrir áratug. „Íslensk nýsköpunarfyrirtæki hafa verið að standa sig betur og það hefur vakið athygli erlendra vísisjóða. Íslenskir vísisjóðir hafa líka unnið ötullega að því að mynda tengsl við erlenda fjárfesta og taka þátt í norrænu samstarfi. Á sama tíma hafa fyrirtækin lagt kapp á að koma sér á framfæri erlendis og ræða við fjárfesta. Þessi

Högnudust hvor um sinn milljarðinn

Vísisjóðurinn Frumtak 1 hagnaðist um 1.170 milljónir króna á árinu 2020 samanborið við 45 milljónir árið 2019. Vísisjóðurinn Frumtak 2 hagnaðist um 1.023 milljónir króna á liðnu ári samanborið við 34 milljónir króna árið 2019.

Hagnaðinn má meðal annars rekja til þess að Frumtak 1 seldi ellefu prósentu hlut í Controlant, íslensku upplýsingatækni-fyrirtæki sem þróað hefur hugbúnaðarlausnir með sérstaka áherslu á lyfjaiðnaðinn, fyrir nærri tvo milljarða króna. Frumtak 2-sjóðurinn á einnig í Controlant og við það hækkaði bókfært virði eignarhlutarins.

Frumtak 2 á jafnframt hlut í heilbrigðistækni-fyrirtækinu Sidekick Health sem tryggði sér í lok síðasta árs 20 milljóna Bandaríkjadala fjármögnun, jafnvirði 2,5 milljarða íslenskra króna, til þess að styðja við vöxt félagsins í Evrópu og Bandaríkjunum.

Meniga, sem er sömuleiðis í eignasafni Frumtaks 2, tryggði sér 1,3 milljarða fjárfestingu í fyrra, einkum frá erlendum bönkum.

Frumtak 1, sem var stofnaður árið 2008 og á eitt ár eftir af starfstíma sínum, hefur þegar selt fimm af eignum sínum með góðri ávöxtun og eru nú tvö fyrirtæki eftir í eignasafninu. Sjóðurinn seldi 23 prósentu hlut sinn í hugbúnaðarfyrirtækinu MainManager til hins norska View Software við lok árs 2020. Félagið heitir nú Örn Software og var fyrir skömmu skráð í kauphöll í heimalandi sínu.

samvinna er vel til þess fallin að vekja athygli fjárfesta á íslenskum sprotafyrirtækjum,“ segir hún.

Ásthildur bendir á að gott aðgengi að fjármagni sé mikilvægt til að frumkvöðlar geti einbeitt sér í ríkari mæli að uppbyggingu fyrirtækjanna. Að sama skapi sé skýnsamt að fyrirtækin afli nægs fjármagns í fjármögnunarlotum til að stjórnendur þeirra hafi svigrúm til að ná þeim áföngum sem stefnt sé að. Annars fari of mikil orka í að sækja nýtt fé til fjárfesta ótt og títt.

Samtalið berst að sjálfbærni. „Á Íslandi eru mikil tækifæri til að gera betur í sjálfbærni. Þær risavöxnu áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir í umhverfismálum verða ekki leystar nema með aukinni nýsköpun, bættri tækni og breyttu neyslumynstri. Ég sit í stjórn Íslandsstofu og samnefnarinn í stefnumótun okkar um tækifæri í útflutningi hér á landi var sjálfbærni. Þar eigum við að vera í fararbroddi.“

Hagnast um 2,5 milljarða

Fjárfestingafélagið Silfurberg, í eigu hjónanna Friðriks Steins Kristjánssonar og Ingibjargar Jónsdóttur, hagnaðist um 2,48 milljarða króna í fyrra. Stærstur hluti hagnaðar Silfurbergs skýrist af hlut sem félagið átti í þýska lyfjafyrirtækinu Neuraxpharm Arzneimittel í gegnum sjóði Apex Partners. Neuraxpharm var selt undir lok árs til fjárfestingafélagsins Permira fyrir jafnvirði 240 milljarða króna.

Í svari Silfurbergs til Markaðarins segir að fjárfestingin hafi komið til

við endurfjárfestingu á hlut sínum við sölu á lyfjafyrirtækinu Invent Farma til Apex Partners 2016 en kaupverðið nam um 30 milljörðum.

Með aðkomu Apex að Invent Farma hófst vinna við að búa til leiðandi fyrirtæki á sviði samheitalyfja í Evrópu sem einbeitt sér að meðferð miðtaugakerfisins (CNS).

Á meðal félaga í eignasafni Silfurbergs eru Lyfjaver, Oculis, Vaxa Technologies, Crowberry Capital og Orf Liftækni. Eigið fé Silfurbergs var um 11,8 milljarðar í árslok 2020. – hae

Setja Opin kerfi í sölufurli

Hluthafar Opinna kerfa undirbúa sölu á fyrirtækinu. Fjárfestingasjóðurinn MF1 á ríflega 79 prósentu hlut, Eignarhaldsfélag Frosta Bergssonar, sem er einn af stofnendum Opinna kerfa og stjórnarmaður, á um 16 prósent og starfsfólk fer með um fimm prósentu hlut. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka annast sölufurlið.


Mikill viðsnúningur varð á rekstri fyrirtækisins í fyrra eftir breytingar sem ráðist var í fyrir tveimur árum, meðal annars á innra skipulagi félagsins og áherslum í vöruúrvali.

EBITDA Opinna kerfa jókst úr 15 milljónum árið 2019 í 215 milljónir í fyrra.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir jókst úr fimm milljónum 2019 í 215 milljónir árið 2020. Þá lækkaði rekstrarkostnaður félagsins um 100 milljónir á milli ára. Tekjurnar jukust um fimm prósent á milli ára og námu 3,9 milljörðum.

Aðspurður hvers vegna MF1 kjósi að selja í Opnum kerfum

eftir að hafa átt hlutinn í tæp tvö ár segir Gisli Valur Guðjónsson, framkvæmdastjóri MF1, að meginhlutverk sjóðsins sé að veita lán en ekki koma að félögum sem ráðandi hluthafi. Sjóðurinn hafi gripið til þess ráðs að fylgja lánveitingu eftir með því að ganga inn í hluthafahópinn, endurskipuleggja fjárhaginn og snúa rekstrinum við. Það hafi gengið eftir og því sé nú góður tími til að kanna sölu á eignarhlutnum. „Það er rökrétt að fá nýja eigendur að félaginu,“ segir hann í samtali við Markaðinn. – hvj



Auglýsing

Hlutafjárútbóð í Síldarvinnslunni hf.



Opinn kynningarfundur fimmtudaginn 6. maí 2021

Síldarvinnslan hf. býður til kynningarfundar í tengslum við almennt útbóð á þegar útgefnum hlutum í félaginu sem fer fram dagana 10., 11. og 12. maí 2021 og fyrirhugaðrar tóku hluta til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Fundurinn verður haldinn í Silfurbergi í Hörfu, fimmtudaginn 6. maí 2021 og hefst kl. 8:30.

Boðið verður upp á vefstreymi af fundinum sem verður aðgengilegt á vefsíðu Síldarvinnslunnar hf. www.svn.is/fjarfestar, og Landsbankans hf., www.landsbankinn.is/sildarvinnslan.

Vakin er athygli á því að upptaka af fundinum verður ekki aðgengileg eftir að honum lýkur.

Fundurinn er öllum opinn en vegna samkomutakmarkana er nauðsynlegt að gestir skrái þátttöku á vefsíðu söluaðila: www.landsbankinn.is/sildarvinnslan.

Nánar um fyrirhugað útbóð

Í útbóðinu verða boðnir til sölu **447.626.880** þegar útgefnir hlutir í Síldarvinnslunni hf. Gefi eftirspurn tilefni til hafa seljendur heimild til að fjölga seldum hlutum í útbóðinu um allt að **51.000.000** hluti þannig að þeir nemi samtals allt að **498.626.880**.

Markmið með útbóðinu er að auka dreifingu hlutafjár, fjölga hluthöfum, fá virkari verðmyndun með hlutabréf útgefnu af félaginu og gera upplýsingar um félagið aðgengilegar fyrir hluthafa félagsins, viðskiptavinum og allan almenning.

Tekið verður við áskriftum á útbóðstímabilinu á eftirfarandi vefsíðu:

www.landsbankinn.is/sildarvinnslan

Hlekkur á áskriftarvefinn verður aðgengilegur í gegnum vefsíðu umsjónaraðila, Landsbankinn hf., www.landsbankinn.is og á vefsíðu Síldarvinnslunnar hf., www.svn.is.

Fjarfestar geta valið um tvær tilboðsbækur í útbóðinu sem eru m.a. ólíkar hvað varðar stærð áskrifta og úthlutunarreglur. Hver hlutur í Síldarvinnslunni hf. er að nafnverði 1 króna.

Tilboðsbók A

Tilboðsbók B

Tilboðsverð	Tilboð gerð innan verðbilsins 55-58 kr./hlut. Salan fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hollenskt útbóð). Verð í tilboðsbók A verður ekki hærra en í tilboðsbók B.	Tilboð gerð yfir lágmarksverði 55 kr./hlut. Salan fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hollenskt útbóð).
Stærð útbóðs 24,6-26,0 ma.kr. að söluandvirði ¹⁾	90.909.091 hlutir (um 20% af útbóði).	356.717.789 hlutir (um 80% af útbóði).
Réttur til að stækka útbóð í 27,4-28,9 ma.kr. að söluandvirði	Seljendur hafa rétt til að stækka útbóðið um allt að 51.000.000 hluti (eða sem nemur 3% af þegar útgefnu hlutafé).	
Stærð áskrifta ²⁾	Áskriftir að kaupverði 100 þ.kr. – 20 m.kr.	Áskriftir að kaupverði yfir 20 m.kr. Tilboð ekki yfir stærð útbóðs.
Meginreglur varðandi úthlutun ³⁾	Leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1 m. kr.	Samþykki tilboða verður ákvarðað á grundvelli tilboðsverðs. Ef til umframeftirspurnar kemur verður skerðing hlutfallsleg.

Áætlað er að niðurstaða útbóðsins verði birt á vefsíðu Síldarvinnslunnar hf. eigi síðar en 14. maí 2021. Gjaldlagi og eindagi áskrifta er áætlaður 20. maí 2021.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útbóðinu er skuldbindandi. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Síldarvinnslunni hf. eru fjárfestar hvattir til að kynna sér upplýsingar um Síldarvinnsluna hf. og lýsingu félagsins sem dagsett er 3. maí 2021, og hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Lýsinguna má finna á vefsíðu Síldarvinnslunnar hf., www.svn.is/fjarfestar eða á vef umsjónaraðila www.landsbankinn.is/sildarvinnslan.

Landsbankinn hf. umsjónaraðili útbóðsins, veitir upplýsingar og tæknilega aðstoð:

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar A veitir Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans hf.
Sími: +354 410-4040
Tölvupóstfang: vl@landsbankinn.is
Frekari upplýsingar: www.landsbankinn.is/sildarvinnsla

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar B veitir Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf.
Sími: +354 410-4000
Tölvupóstfang: utbod@landsbankinn.is
Frekari upplýsingar: www.landsbankinn.is/sildarvinnsla

¹⁾ Miðað við grunnstærð útbóðs og verðbil í tilboðsbók A. Seljendur áskilja sér rétt til þess að breyta innbyrðis stærð tilboðsbóka reynist eftirspurn gefa tilefni til þess og að teknu tilliti til markmiða útbóðsins.

²⁾ Með áskriftum er átt við tilboð sem þátttakendur (áskrifendur) leggja fram í hlutafjárútbóðinu.

³⁾ Seljendur áskilja sér rétt til þess að víkja frá meginreglum varðandi úthlutun og skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem þeir telja æskilegt til að ná fram markmiðum útbóðsins, þ.m.t. að hafna áskriftum í heild eða að hluta án sérstakrar tilkynningar eða rökstuðnings þar um.



Heiðar Guðjónsson segir að ánægjuskor Sýnar í könnunum hafi aldrei mælst hærra en um þessar mundir en sumarið 2019 var það hins vegar í lágmarki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sýn vill gjarnan selja fleiri innviði í ár

Sýn getur selt fleiri innviði fyrir milljarða á þessu ári. Afrakstur af stefnumótun að skila sér í rekstrarbata. Heiðar Guðjónsson forstjóri segir Vísi eiga mikið inni og gæti hugsað sér greiðslugátt að efni á vefmiðlinum. Sláandi hversu langt RÚV gangi í samkeppni við einkamiðla.

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Fjarskipta- fjölmiðlunar- fyrirtækið Sýn undirbýr frekari sölu á fjarskipta- innviðum á þessu ári að sögn Heiðars Guðjónssonar, forstjóra Sýnar. Hann segir Ríkisútvarpið hafið yfir lög og reglur og furðar sig á því að stjórnvöld hafi ekki átt frumkvæði að því að jafna stöðu íslenskra fjölmiðla og samfélagsmiðla. Styrkja- kerfi fyrir fjölmiðla líni einungis þjáningar en bjargi engu.

„Við getum selt eignir fyrir marga milljarða á þessu ári,“ segir Heiðar í samtali við Markaðinn.

Sýn hefur náð samkomulagi við erlenda fjárfesta um sölu og endur- leigu á óvirkum farsímamainnvíðum félagsins. Væntur söluhagnaður nemur yfir 6 milljörðum króna.

„Verð á innviðum hefur hækkað mikið á alþjóðavísu. Á meðan félag eins og Sýn er metið á fimm sinnum EBITDA [rekstrarhagnaður fyrir skatta, fjármagnsliði og afskriftir] eru innviðir metnir á bilinu 20 til 30 sinnum EBITDA. Og hvers vegna er það? Stofnanafjórðingur á borð við lífeyrissjóði og tryggingafélög sækja í öruggt sjóðsflæði til langs tíma – eignir sem haga sér í raun eins og

**Fjölmiðlafrum-
varpið linar þjá-
ningar en bjargar engu. Það er
plástur á sár sem stækkar og
stækkar.**

skuldabréf – sem er nánast hvergi fáanlegt,“ segir Heiðar.

„Það er okkur mjög hagfelld að geta nýtt þessa miklu eftirspurn til að selja innviði á góðu verði til fjárfesta sem eru traustir og sérhæfðir í innviðafjórðingum.“

Getum við gert þetta við aðra innviði? Já, svo sannarlega,“ bætir Heiðar við. „Við eigum fleiri innviði, svo sem IPTV-kerfið í kringum myndlyklana og landsdekkandi burðarnet, sem við viljum gjarnan selja og það eru kaupendur sem vilja kaupa.“

Í tilkynningu Sýnar til Kauphallarinnar kom fram að sala og endurleiga á óvirkum innviðum hefðu óveruleg áhrif á EBITDA fyrirtækisins.

„Þetta breytir engu um rekstrar- niðurstöðuna,“ segir Heiðar. „Við eigum ekki lengur þessi möstur, hættum að þjónusta þau og hættum að fjárfesta í viðhaldi. Kaupandinn tekur á sig krónuáhættu, vaxta- áhættu og mótaðilaáhættu ef eitt-

hvað kemur upp hjá okkur eða NOVA. Við losnum við áhættu, fáum gott verð fyrir og einföldum þannig reksturinn. Það sem við erum að vinna í er að breyta kostnaði fyrirtækisins úr föstum í breytilegan þannig að hann fari upp og niður með tekjunum.“

Stefnumótunin að skila sér

Óhætt er að segja að rekstur Sýnar sé margþættari en rekstur flestra fyrirtækja. Kaup á eignum 365 miðla árið 2017 sameinuðu fjarskiptarekstur og fjölmiðlun, og viðskiptalíkanið var útvíkkað enn frekar með kaupum á upplýsinga- tæknifyrirtækinu Endor árið 2019.

„Við erum með viðskiptasam- band við yfir 70 þúsund heimili, um helming af 300 stærstu fyrirtækjum landsins og mjög stóran hluta af smærri fyrirtækjum. Það er ekki fráleitt að útvíkka viðskiptasam- bandið með því að selja til dæmis raforku, tryggingar eða öryggis- þjónustu. Við þekkjum viðskipta- vini okkar vel og getum nýtt stærð- arhagkvæmnina til þess að lækka kostnað heimila og fyrirtækja á ýmsum sviðum,“ segir Heiðar.

Yfirtakan á eignum 365 miðla gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig. Samþætting tók lengri tíma en búist var við og kostnaður var umfram spár. Á árinu 2019 nam tap Sýnar ríflega 1,8 milljörðum króna.

„Það má segja að samþættingin hafi ekki gengið sem skyldi en við- skiptahugmyndin á bak við sam- einingu fjarskipta og fjölmiðla er enn góð og gild,“ segir Heiðar.

Ráðist var í stefnumótun á árinu 2019 til þess að koma fyrirtækinu á réttan kjöl en hún fól í sér miklar umbætur á þjónustuleiðum og vöruframboði Sýnar. Afraksturinn kemur sífellt betur í ljós.

„Ánægjuskor okkar í könnunum hefur nú aldrei mælst jafnhátt en sumarið 2019 hafði það aldrei verið jafnlágt. Og ánægja starfsmanna hefur aldrei mælst hærra í sögu fyrirtækisins. Það er eitthvað að gerast sem fólk hefur trú á.“

Sýn tapaði 400 milljónum króna á árinu 2020 en ef ekki hefði verið fyrir kórónaveirufaraldurinn, sem hafði verulega neikvæð áhrif á auglýsingatekjur og farsímatekjur, hefði fyrirtækið skilað hagnaði. Þá var tap fjórða ársfjórðungs einungis 3 milljónir króna samanborið við ríflega 2 milljarða króna tap á sama fjórðungi 2019.

Þá hefur lækkun áskriftarverðs skilað sér í mikilli fjölgun áskrif- enda. Verð á Stöð 2 Sport hefur helmingast á síðustu þremur árum.

„Það hafa ekki verið fleiri áskrif- endur að Stöð 2 um margra ára skeið. Í mars fórum við af stað með fjölskyldupakka þar sem Stöð 2 og Stöð 2 plús er selt saman ásamt fjar-

skiptaþjónustu. Kaupin á fjölmiðl- unum voru einmitt til þess gerð að hægt væri að bjóða betra verð til heimila og þá má því segja að búið sé að sameina fyrirtækin endanlega þegar fjölmiðlarnir og fjarskiptin vinna svona saman.“

Læsingin gaf góða raun

Í byrjun árs voru kvöldfréttir Stöðvar 2 teknar úr opinni dags- skrá en þar með urðu þær einungis aðgengilegar áskrifendum. Heiðar segir að í kjölfarið hafi áskrifendum að stöðinni fjölgað í þúsundtali.

„Við erum mjög ánægð með þessa ákvörðun. Og auk þess er meiri samfella í dagskrárgerðinni því nú þarf ekki að huga að því að ein- hverjir sem eru ekki áskrifendur séu að einnig að horfa. Þetta er hrein áskriftarstöð.“

Hafið þið í hyggju að ganga enn lengra? Til dæmis að setja hluta af Vísi á bak við greiðslugátt?

„Það er ein hugmynd. Ef þú skoð- ar fjölmiðla á Norðurlöndum þá sérðu að þeir eru nánast allir með efni á bak við greiðslugátt. Ad því leyti er Ísland í ákveðinni sérstöðu. Stærstu vefmiðlarnir, Visir og síðan mbl.is, eru með opinn aðgang að nánast öllu sínu efni. En ég get séð fyrir mér eins konar „premium“ áskrift að Vísi sem veitir aðgang að enn meira efni og sniður viðmótið eftir höfði neytandans. Ef þú ert til

dæmis mikill íþrottaáhugamaður og heldur með Arsenal þá væru fréttir þess efnis efst á síðunni.“

Heiðar ítrekar þó mikilvægi þess að Visir, sem er stærsti vefmiðill landsins ef horft er til fjölda notenda, ræki áfram hlutverk sitt sem almannaþjónusta. Sérstaklega í ljósi þess að upplýsinga- og fréttavefir á vegum ríkisins geta reynst bríðulir á ögurstundu. „Í eldgosinu hrundu vefir Ríkisútvarpsins og Veðurs.is vegna álags á meðan Visir hélt sínu striki.“

Að mati Heiðars á Visir mikið inni en á síðasta ársfjórðungi jukust auglýsingatekjur vefmiðilsins um 15 prósent á milli ára.

Helsta vaxtartækifærið gæti þó falist í uppbyggingu tengdri hlutaneti (e. Internet of Things), sem gerir tækjum kleift að tala saman og er einn angí af fjarskiptum framtíðarinnar. Sýn hefur til að mynda unnið með Controlant í yfir áratug og bjó til fyrstu sérhæfðu kortin sem fyrirtæki notar í mæla sína. Samningar Controlant við lyfjarsísa um að nýta tækni íslenska fyrirtækisins við dreifingu á bóluvefni gegn COVID-19 voru mikil lyftistöng fyrir þennan hluta starfseminnar.

„Ég hugsa að við séum með um 95 prósentu markaðshlutdeild á Íslandi þegar kemur að sérhæfðum kortum. Við erum í algjörum sér-flokki,“ segir Heiðar.

Við þetta bætist að Sýn mun tengja alla nýja snjallmæla Veitna á um 160.000 stöðum og samstarf við Vodafone Global gerir það að verkum að nánast allir nýir bílar sem koma til landsins frá og með þessu ári munu tengjast við símkerfi Sýnar.

RÚV hafið yfir lög og reglur

Rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla á Íslandi litast af umsvifum Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og í dagskrárgerð. En þrátt fyrir að áhrif stofnunarinnar á fjölmiðlamarkaðinn hafi legið fyrir lengi hafa stjórnvöld litið aðhafst.

„Árið 1996, þegar áform voru uppi um að breyta afnotagjaldinu í nefskatt, var skrifuð skýrsla fyrir menntamálaráðuneytið. Þar var fullyrt – og spáð hárrétt fyrir – að starfsemi Ríkisútvarpsins myndi smám saman ganga að einkareknunum fjölmiðlum dauðum og lagt til að stofnunin yrði tekin af auglýsingamarkaði. Þetta var fyrir aldarfjórðungi síðan.“

Hefurðu misst trúna á því að stjórnvöld taki á ruðningsáhrifum Ríkisútvarpsins?

„Já, ég hef enga trú á því að það verði einhverjar breytingar í bráð. En það er ekki eins og ég sé á móti Ríkisútvarpinu. Það ætti að sinna menningarþjónustu en ekki keppa við einkamiðla.“

Heiðar rifjar upp víðtal sem Morgunblaðið tók fyrir í vetur við hann, Orra Hauksson, forstjóra Símans, og Stefán Eiríksson útvarpsstjóra. Þar

Hart bitist um enska boltann

Eins og kunnugt er missti Sýn sýningarréttinn á enska boltanum árið 2018 þegar Síminn yfirbauð fyrirtækið í útboði um réttinn. Í kjölfarið hafði Markaðurinn eftir heimildum að tilboð Sýnar hefði numið nærri átta milljónum evra, jafnvirði um 1,2 milljarða króna á núverandi gengi. Útboðsferlið var með þeim hætti að ef munur á tilboðum væri innan tíu prósentu færi útboðið í aðra umferð. Ekki kom til þess og því ljóst að tilboð Símans var minnst tíu prósentum hærra.

„Það verður hart bitist um sýningarréttinn þegar hann verður boðinn út í sumar. En við getum ekki tapað á því enda eigum við ekki réttinn sem stendur. Við

getum einungis hagnast ef vel tekst til.“

Ætla að má að norræna streymisveitan Viaplay taki þátt í útboðinu en fyrirtækið á nú þegar sýningarréttinn á enska boltanum á öllum hinum Norðurlöndunum. Via Play hefur fært út kvíarnar hér á landi með kaupum á sýningarréttum erlendra íþróttaviðburða, svo sem Meistaradeild Evrópu en rétturinn skiptist til helminga milli Via Play og Sýnar.

„Við höfum vitað um nokkurt skeið að áhersla okkar þyrfti að vera á innlenda efnisframleiðslu,“ segir Heiðar en Sýn hefur tryggt sér sýningarréttinn á efstu deildum karla og kvenna í knattspyrnu næstu fimm árin.

var bent á að RÚV hefði oft framleitt efni til höfuðs einkareknum miðlum, svo sem barnaefni, en Stefán sagði að hann teldi ekki að RÚV ætti að vera í beinni samkeppni við einkamiðla um áhorf á tilteknum tímum.

„Síðan hefst nýr tónlistarþáttur á RÚV í síðasta mánuði sem er nákvæmlega á sama tíma og Heima með Helga. Það er sláandi hversu langt RÚV gengur,“ segir Heiðar. Og honum virðist að RÚV sé hafið yfir lög og reglur.

Árið 2019 birti Ríkisendurskoðun skýrslu um rekstur Ríkisútvarpsins þar sem fjölmiðillinn var sagður brjóta lög með því að hafa vanrækt að setja samkeppnisrekstur í sérstakt dótturfélag. Lög sem kveða á um að RÚV skuli stofna dótturfélag eru frá árinu 2013 en gildistöku umrædds ákvæðis var frestað til 2018. Sagði í skýrslunni að ákvæðið um dótturfélag væri til að tryggja að ríkisstyrkir rynnu ekki til annarrar starfsemi en almannaðjónustu.

„Skýrslan varpaði ljósi á það hvernig RÚV var að blekkja virðisaukaskattskerfið með því að nota innskattinn af almannaðjónustunni þegar þau máttu einungis nota innskattinn af samkeppnishlutunum. Þetta var bókhaldsbrella. Ef einkafyrirtæki hefði verið staðið að þessu hefði brotið varðað fangelsisvist. Og ef eigandinn gæti ekki endurgreitt ríkinu vangoldin gjöld hefði hann verið gerður persónulega gjaldþrota.“

Þá birti fjölmiðlanefnd skýrslu á síðasta ári þar sem ríkismiðillinn er sagður hafa þverbrotið þjónustusamning sinn við stjórnvöld með því að flokka verktakagreiðslur til starfsmanna sinna sem kaup á dagskrárefni frá sjálfstæðum og óskyldum framleiðendum.

Sinnulaus stjórnvöld

Ásamt umsvifum RÚV er tilfærsla auglýsinga yfir til samfélagsmiðla ein stærsta rekstraráskorun einka-

rekinna fjölmiðla á Íslandi. Hins vegar fær ríkissjóður engan virðisaukaskatt af auglýsingakaupum á samfélagsmiðlum, jafnvel þó að þær séu keyptar af íslenskum fyrirtækjum og séu ætlaðar neytendum á Íslandi.

„Áður fyrr sögðu samfélagsmiðlarnir allir í kór að þeir væru einungis opinn vettvangur, að þeir gætu ekki haft stjórn á efninu sem þar birtist. Síðan afhjúpa þeir sig í aðdraganda forsetakosninganna í Bandaríkjunum þegar þeir hófu að ritskoda fréttir þeim tengdar. Nú eru Ástralía og Kanada að stíga fram og gera samninga við þessa samfélagsmiðla þannig að þeir greiði höfundarréttargreiðslur, skatta og önnur gjöld.“

Það er ótrúlegt að stjórnvöld hér á landi hafi ekki kippt þessu í liðinn þegar þau hafa skýra hagsmuni af því að vernda íslenska fjölmiðlun. Í staðinn er verið að koma á fót styrkjakerfi fyrir fjölmiðla. Það er miklu nær að jafna leikinn frekar en að fást við afleiðingarnar,“ segir Heiðar og visar þar bæði til umsvifa RÚV og samfélagsmiðla.

Fjölmiðlafrumvarpið er sem sagt gagnslítið?

„Fjölmiðlafrumvarpið linar þjáningar en bjargar engu. Það er plástur á sár sem stækkar og stækkar. Svo vitum við að um leið og ríkið kemur á fót styrkjakerfi byrja fjölmiðlar að laga sig að skilmálum kerfisins. Allt í einu er komin ógn við ritstjórnarlegt sjálfstæði.“

Reglur og höft kosta sitt

Fjarskiptalagafrumvarp er nú í meðförum Alþingis. Í frumvarpinu er kveðið á um að búnaður í tilteknum hlutum innlendra farneta, sem teljast viðkvæmir með tilliti til almannahagsmuna og öryggis ríkisins, skuli í heild sinni eða að ákveðnu hlutfalli búnaðar vera frá framleiðanda í ríki sem Ísland á öryggissamstarf við eða ríki innan

Daglegur rekstur er stanslaus barátta

Heiðar starfaði sem fjárfestir um langt skeið áður en hann tók við sem forstjóri Sýnar árið 2019. Þetta eru tvö ólík hlutverk.

Voru mikil viðbrigði að taka við forstjórastarfinu eftir að hafa verið fjárfestir í svo langan tíma?

„Auðvitað er daglegur rekstur hjá einkafyrirtæki stanslaus barátta. Þá skiptir miklu máli að hafa gaman af verkefnum og vinna með góðu fólki.“

Hefurðu þurft að vinna í einhverju eiginleikum til þess að finnstilla stjórnunarstílinn?

„Ætli ég hafi ekki þurft að hlusta meira en ég er vanur að gera,“ segir Heiðar á léttum nótum.

Þetta var bókhaldsbrella [af hálfu RÚV]. Ef einkafyrirtæki hefði verið staðið að þessu hefði brotið varðað fangelsisvist.

fá fjarskiptalagafrumvarpið samþykkt svo að við vitum til hvers sé ætlast af okkur.“

Ofurskuldur bitna á þeim ungu

Úr rekstrinum yfir í efnahagsmál. Ríkissjóður hefur skulds sett sig fyrir hundruð milljarða króna til þess að bregðast við kórónakreppunni. Hefurðu áhyggjur af þessari miklu skuldasöfnun?

„Ég hef aðallega áhyggjur af ungu fólki, það er að segja, að þróunin verði eins og í Japan á tíunda áratug síðustu aldar – og hennar gætir raunar enn í dag – þar sem japanska ríkið skulds setti sig gifurlega en komandi kynslóðir sátu uppi með reikninginn.“

Mikið er rætt um að hækka atvinnuleysisbætur en það er ekki fjárfesting. Það er í lagi að taka lán ef það skilar sér í verðmætisköpun sem stendur undir láninu og vel það. En það er fráleitt að fjármagna samneyslu með láni til langs tíma. Ungt fólk í dag virðist ekki vera sérstaklega spennit fyrir stjórnárum eða fjármálum en það hefur mikla hagsmuni af því að sitja ekki uppi með þennan risastóra reikning.“

Talandi um atvinnuleysi. Það er í sögulegum hæðum á sama tíma og mikill skriðþungi er í launabróun, sérstaklega hjá hinu opinbera. Gengur dæmið upp?

„Við höfum þurft að segja upp fólki vegna þess að launakostnaður við hvern starfsmann er orðinn svo mikill. Afleiðingin er sú að álagið eykst á þá sem eftir eru,“ segir Heiðar.

„Það er óhjákvæmilegt að launahækkanir um fram það sem atvinnulífið stendur undir skili sér í verðbólgu eins og hagsaga Íslands vitnar um. Ýmsir ytri þættir hafa haldið aftur af verðbólgunni á síðustu tveimur árum, til dæmis lágt olíuverð, framleiðsluslakti í hagkerfinu og hagstæð markaðsverð fyrir fisk og ál. Við höfum verið heppin en hagfræðilögmálin hafa hins vegar ekki breyst.“

Það sem veitir manni bjartsýni er hraði tæknibreytinga,“ bætir Heiðar við. „Þær eru áhrifamikill kraftur sem verkar í átt til verðhjöðnunar. Á hverjum degi kemur ný tækni sem gerir fólki kleift að gera meira fyrir minna. Horft fram á veginn munu hraðar tæknibreytingar og minnkandi fólksfjöldun hafa verðhjaðnandi áhrif á alþjóðavísu.“

SUMARGRILL

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um sumargrill kemur út 8. maí nk. Allt sem hugsast getur varðandi grillið í sumar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



„Ég er líklega einn af þeim fáu sem hafa komið að flugrekstri og ekki fengið bakteriuna – af því að mér hefur oft ekkert litist á það hvernig staðið hefur verið málum,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri

Ætlum okkur ekki að sigra heiminn

Birgir Jónsson, nýr forstjóri Play, segir að nálgun Play verði ekki að vaxa hratt heldur að vera lítið flugfélag sem geti skilað góðri afkomu. Pláss fyrir tvö innlend flugfélög sem fljúga yfir hafið. Heppileg stærð á flota um 15 vélar. Aldrei betri aðstæður til að stofna flugfélag.

Hörður
Ægisson
hordur@frettabladid.is



Þegar þú starfar í svona kviku rekstrarumhverfi, sem flugið sannarlega er, þá þarftu að vera varfærni og fastari fyrir.

Ég get ekki skrifað undir yfirlýsingar um að það sé eitthvað fullreynt að reka annað flugfélag frá Íslandi. Ég bygg þá meðal annars á því að ég tel að önnur lágjaldaflugfélög sem hafa verið starfrækt hér á landi hafi í raun farið út af sporinu í sínum rekstri. Það er hins vegar ekkert náttúrulegt mál þar að baki heldur einungis sú staðreynd að það voru teknar rangar ákvarðanir,“ segir Birgir Jónsson, nýráðinn forstjóri flugfélagsins Play sem mun hefja sig á loft í lok næsta mánaðar, í viðtali við Markaðinn.

Birgir, sem starfaði áður sem forstjóri Íslandspósts á árunum 2019 til 2020, telur að það sé langt í að Ísland muni sjá aftur þann massatúrismi sem einkenndi ferðaþjónustuna fyrir fáeinum árum – 2,3 milljónir ferðamanna komu til landsins 2018 – þrátt fyrir innkomu Play á markaðinn. Play hafi engin áform um að vaxa hratt heldur muni einblína á að vera sveigjanlegt, lítið flugfélag, sem ætli sér að skila arðsemi fyrir hluthafa þess með því að finna „matarholur“ til hliðar við stóru flugfélögin á þessum erfiða samkeppnismarkaði.

Birgir var fenginn í forstjóra-stól Play, sem hefur verið í start-holunum að hefja flugrekstur frá því félagið var fyrst kynnt til leiks í nóvember 2019, samhliða því að breiður hópur fjárfesta – lífeyrissjóðir, tryggingafélag, verðbréfasjóðir og öflug fjárfestingafélög – lögðu félaginu til um 50 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði yfir sex milljarða króna, í nýtt hlutafé í liðnum mánuði.

Það var upphaflega stefnt að því að sækja um 35-40 milljónir dala í lokuðu hlutafjárútbóði í apríl en á síðustu metrunum, í reynd eftir því var formlega lokið, er það stækkað. Var einhver ástæða fyrir því?

„Það reyndist bara vera gríðarlegur áhugi og það eru enn fjárfestar sem eru að hafa samband og reyna að komast inn í hluthafahópinn. Fólk sér hvaða fagfjárfestar eru komnir að félaginu og það verður til ákveðin stemning með útbóðinu

Skráning til að koma til móts við kröfur fjárfesta

Play vinnur núna, ásamt ráðgjöfum félagsins, að hlutafjárútbóði og skráningu á First North-markaðinn í Kauphöllinni sem er áformað í næsta mánuði.

Birgir segir óvíst á þessari stundu hversu há fjárhæð verður sótt í útbóðinu en það mun að lokum ráðast af eftirspurninni.

„Það er áformað að halda almennt hlutafjárútbóð og að sjálfsögðu horfum við líka til þess að fá inn ákveðna fagfjárfesta sem vilja koma inn í skráð félag. Það er hins vegar mikilvægt að undirstrika að við erum ekki að fara í hlutafjárútbóð og skrá-

ingu vegna þess að félagið þurfi endilega frekara fjármagn til að standa straum af rekstrinum heldur er þetta gert til að koma til móts við kröfur fjárfesta um reglulega upplýsingagjöf og það aðhald sem slíkt skapar gagnvart stjórnendum félagsins.

Ég held að mjög margir muni sýna því áhuga að koma með beinum hætti að uppbyggingunni sem er í vændum í íslenskri ferðaþjónustu og sjái styrkleikana hjá Play sem felast í hagstæðum kostnaðargrunni og ekki með neinir eftirlegukindur í farteskinu,“ segir hann.

sem er auðvitað bara afskaplega jákvætt.“

Eftir hlutafjárukningu félagsins eru stærstu hluthafar Play eignarhaldsfélagið FEA, sem Elías Skúli Skúlason fer fyrir, lífeyrissjóðurinn Birta og fjárfestingafélagið Fiskisund, sem Einar Örn Ólafsson, nýr stjórnarformaður Play, leiðir. Aðrir helstu fjárfestar félagsins eru meðal annars Stoðir, Akta sjóðir, Brimgarðar, Íslandssjóðir, Lífsverk lífeyrissjóður og tryggingafélagið VÍS.

Þarf aga og skýra stefnu

Hvaða borga áformar Play að fljúga til núna í sumar?

„Þetta verða þessir helstu staðir sem Íslendingar þekkja orðið vel til eins og London, Kaupmannahöfn, Berlín, París, Barcelona, Alicante og Tenerife. Það er ekki von á neinum bombum hvað áfangastaðina varðar, heldur verður þetta allt saman frekar hefðbundið,“ segir Birgir.

Ætlanir Play gera ráð fyrir að byrja með þrjár Airbus A321 Neo vélar í rekstri í sumar en á næsta ári, þegar stefnt er að því að hefja flug einnig til Bandaríkjanna, er áformað að flugflotinn verði stækkaður í sex til átta vélar og að hann verði kominn í um tíu vélar árið 2023.

„Ég held að heppilegasta stærðin

af flugflota fyrir félag eins og Play,“ útskýrir Birgir, „sé um 15 vélar. Þegar þú ert kominn með mikið fleiri vélar en það verður til freistni til að fara í seinni tengibankann í þessu viðskiptamódeli sem byggir á flugi yfir Atlantshafið. Þá ferðu að missa sveigjanleikann, sem er svo mikilvægur, vegna þess að þú ert með of mikið af flugvélum sem skapar þrýsting á að fljúga til of margra áfangastaða. Ef okkur ætlar að takast að halda niðri kostnaði sem lágjaldafélag þá verðum við að gæta að því að vera með framboð sem endurspeglar raunverulega eftirspurn. Ef hún er ekki fyrir hendi þá er miklu betra að leyfa vélunum bara að standa óhreyfðum.“

Birgir undirstrikar hins vegar að um leið og Play verður komið með 10 til 15 vélar í reglulegt áætlunarflug verði þetta orðin starfsemi sem veltir tugum milljarða og með hundruð starfsmanna í vinnu.

„Það er auðvitað ofsalega stórt fyrirtæki í öllum íslenskum samanburði,“ segir hann.

En af hverju ákvaðstu að fara aftur í flugið hafandi sagt áður að þú myndir aldrei snúa aftur í þennan bransa?

„Ég hef tvisvar komið að flugrekstri áður – fyrst sem forstjóri Iceland Express 2004 til 2006 og síðan sem aðstoðarforstjóri WOW air 2014 til 2015 – og það sem ég hef aldrei skilið við þennan bransa, eða fengið til að ganga upp varðandi

hluthafar, og sem getur þá farið að taka stórar afdrifaríkar ákvarðanir byggt á því hvernig viðkomandi er mögulega stemmdur þann daginn. Það er stór og breiður hópur fjárfesta sem kemur að fyrirtækinu og öll ákvörðunartakan, einkum núna þegar félagið verður skráð á hlutabréfamarkað, þarf að vera öguð og grundvallast á skýrri stefnu. Þetta er helsta ástæðan fyrir því að ég hef fulla trú á því að fyrirtækinu eigi eftir að farnast vel.“

Hættum að tala um stórar tölur
Spurður að því hvenær það hafi fyrst komið til tals að hann myndi setjast í forstjórastólinn ef það tækist að ljúka fjármögnun á flugfélaginu segir Birgir að það hafi gerst frekar nýlega.

„Það hafa ýmsir leitað til mín í gegnum árin sem hafa sýnt flugrekstri áhuga, meðal annars eftir að WOW air fór í gjaldþrot vorið 2019 og eins einhverjir fjárfestar sem höfðu verið að skoða mögulega aðkomu að Play. Mig grunar að það sé vegna þess að ég hef verið afar tortrygginn á þennan bransa og ég er líklega einn af þeim fáu sem hafa komið að flugrekstri og ekki fengið bakteríuna – af því að mér hefur oft ekkert litist á það hvernig staðið hefur verið að málum.“

En eftir því sem tíminn líður, og ég kynnist betur því hvernig standa eigi að stofnun félagsins, verð ég jákvæðari af því að ég hef trú á að vinnubrögðin eigi eftir að verða með allt öðrum hætti. En það eru í reynd einungis um tveir mánuðir síðan að það var nefnt í einhverri alvöru að ég myndi koma að þessu sem forstjóri félagsins.“

Hvaða lærdóm er hægt að draga af þeim mistökum sem voru gerð hjá WOW air og öðrum íslenskum lág-gjaldaflugfélögum?

„Það sem ég held að hafi klikkað hjá þessum félögum, WOW og eins og öðrum lág-gjaldaflugfélögum á undan, er að stjórnendur missa sjónar á að halda sig við upphaflegu stefnuna og gleyma sér í vextinum. Það sem gerist þá er að þú missir stjórn á kostnaðinum af því að það er endalaust verið að ráðast í fjárfestingar, sem eiga að skapa tekjur síðar í framtíðinni, og þannig er verið að reyna að réttlæta þessa kostnaðaraukningu – það aftur skapar pressu á að auka stöðugt umsvifin.“

Ég er hins vegar mikill talsmaður þess að hætta að tala um stórar tölur; veltuna, fjölda flugvéla, farþega fjöldann – þetta skiptir í reynd engu máli. Okkar nálgun núna í Play er að vera frekar með bara lítið flugfélag. Við ætlum ekkert að sigra heiminn og vera með fleiri tugi véla í rekstri – heldur vera fókuseraðir, einblína á afkomuna og virðið sem við erum að búa til fyrir viðskiptavininn. Það voru þessir hlutir sem fóru áður úrskæðis í þessum íslensku lág-gjaldaflugfélögum,“ segir Birgir, og bætir við:

„Ég ber mikla virðingu fyrir því hvernig Skúli Mogensen hefur tæklad eftirlitinn af gjaldþroti WOW air, með mikilli auðmýkt, og víðurkennt að menn hafi misst sjónar á því sem skiptir máli í lág-gjalda-viðskiptamódelinu með því að taka í notkun breiðþotur til að fljúga langa flugleggi. Það hefðu allir átt að getað sagt sér það, og það voru til greiningar innan fyrirtækisins um að þetta gæti aldrei gengið upp, og það hefði átt að fylgja þeirri stefnu og taka ákvarðanir í samræmi við það en ekki aðeins vegna þess að þetta væri flott eða áhugavert. Þess vegna er svo mikilvægt að viðhafa þennan aga í þessum rekstri.“

Alltaf dvergar á markaði

Forstjóri Icelandair sagði um síðastliðin áramót að hann teldi ekki rými fyrir tvö íslensk flugfélög með Keflavíkurvöll sem tengibanka. Hver er þín skoðun á þeim ummælum?

„Það er rosalega auðvelt held ég að snúa út úr þessum ummælum Boga og ég held að það væri ósanngjarnt að gera það – ég ætla ekki að gera honum upp þær skoðanir að hann vilji að Icelandair sitji að einhverri

Eiginlega allt sem vinnur með okkur

Birgir tekur aðspurður undir með þeim sem hafa sagt að aldrei hafi verið betri aðstæður til hefja rekstur á nýju flugfélagi en nú.

„Það er eiginlega allt sem vinnur með okkur um þessar mundir. Og síðan fór að gjósa á Reykjanesskaga! Ef það voru einhverjar efasemdir um áhuga erlendra ferðamanna á að koma til Íslands þá þarf enginn að hafa áhyggjur af því lengur.“

En er innkoma Play þá að fara að leiða aftur til svonefnds massatúrisma?

„Þegar það voru hvað flestir ferðamenn að koma til landsins – um 2,3 milljónir manna 2018 – þá voru íslensku flugfélögin með um 50 til 60 vélar í sínu áætlunarflugi til viðbótar við tugi erlendra flugfélaga sem voru með áætlunarflug hingað til landsins. Það er mjög langt í að þessar aðstæður eigi eftir að koma aftur með tilheyrandi massatúrisma. Við verðum með

miklu færri vélar en WOW air var með þegar mest lét og Icelandair á sömuleiðis langt í land með að ná sinum fyrri hæðum.“

Forsvarsmenn í íslenski ferðapjónustu hafa því núna góðan tíma til að hugsa um stefnumótun fyrir greinina til langs tíma – sem við Íslendingar höfum alltaf átt erfitt með að gera – og hver sé varan Ísland og hvar við viljum staðsetja okkur á þessum ferðamannamarkaði.

Fólk sem kaupir flugmiða til Íslands, með hvaða flugfélagi sem er, er oftast búið að eyða hærri fjárhæð aðeins 24 tímum eftir að það er komið til landsins heldur en það borgaði fyrir sjálfan flugmiðann. Ef við í Play myndum, svo dæmi sé tekið, byrja að selja lág-gjaldaflugferðir til Mónakó þá efast ég um að Mónakó myndi fyllast af bakpokaferðalögum. Þetta snýst því alltaf um hvers konar vöru þú ert að bjóða fólki upp á.“

einokun hér á þessum markaði. Ég hef meiri virðingu fyrir honum og Icelandair en það. En þegar maður horfir á þennan markað þá eru um 70 til 75 milljónir manns að fljúga á milli Bandaríkjanna og Evrópu á ári. Það er alveg sama hvað Play og Icelandair munu gera – félögin verða alltaf dvergar á þessum markaði yfir hafið en einmitt þess vegna held ég að það sé pláss fyrir félag eins og okkar.“

Birgir segir að vegna þess hversu Play sé vel fjármagnað sé engin pressa á að taka nein stór skref í rekstrinum fyrir en markaðurinn býður upp á það.

„Við munum byrja að fljúga undir lok júní, og verðum með alveg þokkalega umfangsmikið flug núna í sumar, en við þurfum ekkert að flýta okkur. Ég held að allir sem koma að félaginu, stjórnendur og stjórnarmenn, séu meðvitaðir um að það sé ekki verið að tjalda til einnar nætur og við viljum gerum þetta í hægum, öruggum skrefum og sjá þetta félag blómstra til lengri tíma lítið. Það er til dæmis augljóst að Bandaríkin eru núna að opna frekar hratt, við sjáum í fréttnum að það eru mikið af bókunum frá ferðamönnum þaðan, og það væru leiðir fyrir okkur að reyna að byrja að fljúga til Bandaríkjanna strax í sumar sem gæti skilað góðum tekjum í nokkra mánuði – en um leið væri það afar áhættusamt skref að taka og því er það ekki á döfinni í ár.“

Birgir segir að mögulega gæti flug til Norður-Ameríku orðið að veruleika snemma árs 2022 en þeir áfangastaðir sem Play horfir þar til eru til borga á Austurströndinni, Flórída og mögulega einnig í Kanada.

Þið byrjið með þrjár vélar, Airbus A321-NEO, sem geta tekið allt að 244 í sæti. Erud þið með þannig leigusamninga á vélum að þið borgið aðeins þegar vélarinnar verða teknar í notkun?

„Já, hluti af samningunum er með þeim hætti. Það má segja að tækifærið til að koma á fót nýju flugfélagi varð enn betra eftir að faraldurinn skall á, meðal annars vegna þess að það hefur gefið okkur færi á því að ná frábærlega hagfelldum leigusamningum um vélar. Það er mikið framboð af hárreittum flugvélategundum í boði en lyklatríðið í þessum rekstri er að blanda ekki saman ólíkum gerðum af vélum þannig að þú getir náð sem mestri nýtingu frá starfsfólkinu og samfellan verði sem mest. Við erum því með afar góða samninga til mjög langs tíma, um 10-12 ár fyrir hverja vél.“

EKKI MEÐ ICELANDAIR Á HEILANUM
Hvernig ætlar félagið að vera samkeppnishæft á þessum erfiða markaði og eru kjarasamningar Play hagkvæmari en þeir sem Icelandair hefur gert við sína starfsmenn?

meiri nýtingu á flugáhöfnum með fleiri flugtímum innan ákveðins tímabils – þetta eru því kjarasamningar sem eru meira í líkingu við það sem almennt gerist á íslenskum vinnumarkaði fremur en arfleifð kjarasamninga sem hafa verið gerðir í gegnum áratuginna hjá rótgrónum flugfélögum eins og Icelandair. Við skulum heldur ekki gleyma því,“ útskýrir Birgir, að við munum auðvitað líka vera að keppa við flugfélög sem koma frá löndum þar sem launin eru allt önnur og lægri og við erum ekkert samkeppnishæft við slík félög hvað launakostnað varðar.“

Aðspurður hvort hann geti sagt eitthvað til um hagkvæmni samninganna í samanburði við Icelandair, meðal annars með tilliti til einingakostnaðar á sætiskílómetra, segist Birgir ekki hafa kynnt sér þá samninga og geti lítið sagt til um það.

„Það er mikilvægt að halda því til haga að við erum ekki að kokka upp einhver plön um að reyna að knésetja Icelandair – við erum ekki með það flugfélag á heilanum. Dæmin hafa sýnt að það er alveg pláss fyrir tvö, og jafnvel fleiri, flugfélög á þessum markaði – og við erum ekkert endilega að berjast um sömu farþegana og þeir.“


Það sem skiptir máli fyrir okkur í þessari hörðu samkeppni er að hafa þennan sveigjanleika, sem lítið flugfélag, til að geta fundið okkur matarholur til hliðar við þessu stóru félög eins og Delta, Wizzair og EasyJet. Við getum aldrei mætt þeim beint í samkeppninni heldur verðum við að finna aðrar leiðir með því að bjóða meðal annars upp á annars konar vöru, tímasetningar og þjónustu. Við munum heldur ekki geta keppt við félag eins og Wizzair í verðum, en þar getum hins vegar keppt við Icelandair,“ segir Birgir.

Play. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Við erum ekki að kokka upp einhver plön um að reyna knésetja Icelandair – við erum ekki með það flugfélag á heilanum.

innsýn mína og reynslu í öðrum fyrirtækjum, er af hverju reksturinn í flugi er svona handahófskenndur. Þetta er kvíkt umhverfi, mikill hraði þar sem verða oft ýktar breytingar á tekjum og kostnaði – og þú ert stanslaust að bregðast við aðstæðum hverju sinni. Það hafa komið stundum reynslumiklir fjárfestar að þessum rekstri í gegnum tíðina en mér hefur oft fundist eins og þeir skilji þá um leið fyrir utan þær aðferðir sem hafa virkað vel í öðrum fyrirtækjarekstri. Þá á ég við mikilvægi þess að hafa skýran strúktur, stefnu, stjórnendur í réttu stöðunum, bera allar stórar ákvarðanir undir framkvæmdastjórn og stjórn félagsins – þessu gleyma menn ídulega og eru farnir að taka fljótt tilviljunarkenndar ákvarðanir sem þýðir að þú ert í raun ekki með neina stefnu. En þegar þú starfar í svona kvíku rekstrarumhverfi, sem flugið sannarlega er, þá þarftu hins vegar þvert á móti að vera varfærnari og fastari fyrir – af því að allar tölurnar eru svo stórar og framlegðin oft lítil.

Ég hef aldrei áttað mig á því af hverju stjórnunarhættirnir hafa þurft að vera þannig og það er ekki fyrr en núna, þegar ég fór að ræða við þá fjárfesta og aðra sem koma að Play, sem ég sé að það er mögulegt að gera þetta öðruvísi. Stóra breytingan er að það verður enginn einn sem ræður í þessu félagi, hvorki ég, stjórnarformaðurinn eða aðrir



Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

KONTAKT
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

Skotsilfur



Hagsmunaverðir eru víða

Ákveðnar fjölmiðlar, með Ríkisútvarpið í fararbroddi, halda áfram að mjólka mistúlkun á ummælum Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra um hagsmunahópa. Þeir láta eins og þetta sé enn stórfrétt og reyna þannig að þröngva ferköntuðum kubbi í hringlaga gat. RÚV birti til að mynda viðtal við heimspeking í gær þar sem ummælin voru enn og aftur túlkuð þveröfugt við útskýringar seðlabankastjóra um að hann hefði verið að vísa til fjölbreytts hóps fyrirtækja, stofnana og samtaka. Hagsmunagæslan er víða. Í aðdraganda alþingiskosninganna mun **Drífa Snædal**, forseti ASÍ, hitta formenn stjórnmalaflokkanna til að ræða málefni kosninganna og áherslur flokkanna. Ekki er annars að vænta en að hagsmunir samtakanna verði þar ofar á dagskrá, sem eðlilegt er, en endilega hagsmunir heildarinnar.



Skuldafylleri Sósíalista

Eitt af fyrstu kosningaloforðum Sósíalistaflokksins er faktískt að drekkja ríkissjóði, og þar með landsmönnum öllum, í skuldum. Fleiri slík loforð hljóta að fylgja innan tíðar. Það er jú háttur sósíalista. Komist flokkurinn til valda í næstu alþingiskosningum mun hann byggja íbúðir fyrir 650 milljarða með lánsfé. Sósíalistaflokkurinn, sem **Gunnar Smári Egilsson** kom á kortið, segir framkvæmdirnar munu ekki kalla á aukin ríkisútgjöld vegna þess að ódýr leiga muni standa undir kostnaðinum. Slíkur ríkisrekstur getur ekki klikkað. Það er hæpið að Sósíalistar verði valdamiklir á komandi þingi. Aftur á móti gætu aðrir vinstriflokkar þurft að stíga dansinn. Grunnvandinn á húsnæðismarkaði felst ekki í að lánin séu ekki nógu löng (sem er dýrkeypt) heldur lóðaskorti og hve dýrt er að byggja.



Pétur til Kviku eignastýringar

Pétur Richter, sem starfaði áður um langt skeið hjá Arion banka og forverum hans, hefur verið ráðinn til Kviku eignastýringar þar sem hann er sérfræðingur hjá framtakssjóðum bankans. Hann hafði áður unnið sem fyrirtækjarráðgjafi hjá Deloitte en Pétur er vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands og er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Hjá Arion og Kaupþingi starfaði Pétur í fyrirtækjarráðgjöf, fyrirtækjalausnum og markaðsviðskiptum.



Slegist um borgarstjórástólinn



Kannanir benda til að borgarstjóri London, Sadiq Khan, haldi velli í kosningum á fimmtudaginn. Khan er með 13 prósentustiga forystu á frambjóðanda Íhaldsflokksins. Athygli vekur að London hallar sér í ríkara mæli upp að Verkamannaflökknum en sömu sögu er ekki að segja þegar lítið er til alls Bretlands. Greinendur rekja muninn til þess að íbúar höfuðborgarinnar séu yngri, af fleiri kynþáttum og styðji fremur ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/ÉPA

Er Seðlabankinn að fást við þrískipt hagkerfi?



Jón Bjarki Bentsson aðalhafgræðingur Íslandsbanka

Seðlabankanum er nokkur vandi á höndum. Hagkerfið hefur undanfarið gengið í gegn um mikinn samdrátt og þrátt fyrir að landið sé tekið að rísa er staðan enn nokkuð tvísýn. Á sama tíma hefur verðbólga reynst talsvert þrálátari en vænst var. Í apríl var verðbólguþakturinn sá hraðasti í átta ár og verðbólga hefur verið yfir 4% efri viðmiðunarmörkum verðbólguþakmiðs bankans frá áramótum. Verðbólguvæntingar hafa þokast upp og langtíma verðbólguálag á markaði hefur ekki verið lengra frá verðbólguþakmiðinu í tvö ár. Seðlabankafólk hefur eðlilega lýst áhyggjum af ástandinu og minnt á að tæki og töl bankans til aukins aðhalds séu skammt undan ef ekki horfir til betri vegar fyrir en seinna.

Þótt íbúðaverð hafi reynst drýgsti hækkunarvaldur vísitölu neysluverðs í apríl eru ástæður mikillar verðbólgu þó fleiri þessa dagana, enda mældist 12 mánaða verðbólga með og án húsnæðisliðar sú sama í mánuðinum. Af 4,6% núverandi verðbólgu má rekja 2,0 prósent til innfluttra vara, 0,9 prósent til húsnæðisliðar og innlendar vörur og þjónusta skýra hvor sínar 0,8 prósenturnar. Húsnæðisliðurinn skýrir því fimmtung verðbólgunnar undanfarna 12 mánuði.

Hröð hækkun íbúðaverðs í síðustu mælingu Hagstofunnar lyfti hins vegar brúnum margra, enda virðist hann renna frekari stöðum undir þá útbreiddu skoðun að

spenna fari vaxandi á íbúðamarkaði. Öfugt við ýmsa aðra þætti verðbólgunnar er íbúðamarkaðurinn auk heldur undir áhrifasviði Seðlabankans þar sem vextir og önnur umgjörð lánamarkaðar hafa mikil áhrif á þróun hans.

Sviðið sem Seðlabankinn horfir yfir má því kortleggja eitthvað á þessa leið: Eftir ár af kórónukreppu er atvinnuleysi mikið. Fyrirtæki og einyrkjar í stærstu útflutningsgreininni og tilteknum öðrum innlendum geirum á borð við sviðslistir hafa orðið fyrir miklum búsifjum og tekjutapi. Övissa er enn mikil og fyrirtæki í þeim geirum sem betur standa virðast mörg hver munu fara fetið í fjárfestingum og auknum umsvifum þar til línur skýrast í efnahagsmálum. Til að mynda benda niðurstöður úr könnun SA meðal stærstu fyrirtækja landsins til þess að fjárfesting atvinnuveganna kunni að dragast saman í ár eftir allharðan samdrátt í fyrra.

Á hinn bóginn er staða flestra heimila góðu heilli sterk um þessar mundir þótt það sé auðvitað lítil huggun þeim stóra hópi sem orðið hefur fyrir atvinnumissi og tekjutapi í kórónukreppunni. Sterk eignastaða þorra almennings, vaxandi kaupmáttur og hagstæð kjör íbúðalána skýra væntanlega að miklu leyti hversu lifseig eftirspurn á íbúðamarkaði hefur verið á sama tíma og framboð nýrra eigna er að skreppa saman. Þá benda nýlegar kortaveltutölur til þess að neysluvilji landans sé umtalsverður og væntingar neytenda náðu þriggja ára hámarki í nýjustu mælingu Gallup.

Í þriðja lagi má svo með hóflegri bjartsyni álykta að líkur fari batnandi á bjartari tíð fyrir en seinna í efnahagslífinu. Bólusetningar eru loks komnar á mikinn skrið bæði hérlendis og í viðskiptalöndum okkar. Kannanir á ferðavilja, leitni-gögn úr leitarvélum og bókunar-

Það hlýtur að vera nærtækara að hægja á spurn á íbúðamarkaði að hluta með þjóðhagsvarúðartækjum á borð við þak á skuldsetningarhlutfall fremur en að beita eingöngu vaxtatekinu til þess að kæla þann markað og þyngja þar með róðurinn í hagkerfinu.

Þróun hjá flugfélögum og innlendum ferðapjónustuaðilum bendir allt til þess að spár um ört batnandi hag ferðapjónustunnar á seinni helmingi ársins gætu vel gengið eftir. Þótt það séu afar góðar fréttir ef hagkerfið nær viðspyrnu þegar liður á árið gæti þörfin fyrir mikinn slaka í hagstjórninni minnkað fyrr fyrir vikið. Þar við bætist svo fyrrnefndur verðbólguþrýstingur sem þrengir að valkostum hagstjórnaradila í núverandi stöðu.

Er gullni meðalvegurinn þriggja akreina?

Samantekið má því segja að fyrir hagstjórnina væri heppilegt að tilteknir angar hagkerfisins, til að mynda íbúðamarkaður, byggju við meira aðhald af hálfu hagstjórnarinnar. Talsverður hluti til viðbótar, til að mynda flest heimili og hluti atvinnulífsins, gæti líklega haldið sínu striki þrátt fyrir að aðhaldið væri aukið hóflega. Sá hluti heimila og þeir geirar atvinnulífsins sem orðið hafa fyrir mestum skakkaföllum vegna faraldursins megna hins vegar illa við auknu aðhaldi peningamála á komandi fjórðungum meðan efnahagsbatinn er að skjóta rótum. Þessi mikla breidd í stöðu heimila og fyrirtækja er nokkurt einsdæmi í nútíma hagsögunni þar sem eitt hefur oftast yfir alla gengið í talsvert ríkari mæli. Verði aðhald-

að aukið of hratt til að bregðast við verðbólguþrýsting frá íbúðamarkaði og/eða vaxandi spurn þeirra heimila sem betur standa getur það valdið síðastnefnda hópnum hér að framan miklum erfiðleikum. Sé hins vegar beðið með aukið aðhald þar til ljóst er að síðastnefndi hópurnir er alfarið kominn fyrir vind getur eftirspurnarspenna og verðbólguþrýstingur hins vegar náð að grafa um sig í millitíðinni og farið að ógna hinum dýrmæta og tiltölulega nýfengna trúverðuleika verðbólguþakmiðsins.

Farsælasta lausnin á þessari snúnu stöðu er líklega að leitast við að laga aðhaldið að hverjum þessara þriggja hópa eftir því sem það er unnt. Til að mynda hlýtur að vera nærtækara að hægja á spurn á íbúðamarkaði að hluta með þjóðhagsvarúðartækjum á borð við þak á skuldsetningarhlutfall fremur en beita eingöngu vaxtatekinu til þess að kæla þann markað og þyngja þar með almennt róðurinn í hagkerfinu. Að sama skapi þyrfti að gæta að því að mótvægisáðgerðir hins opinbera dugi til þess að létta heimilum og fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir bardinu á kórónukreppunni róðurinn þar til þau hafa sambærilega burði til að standa undir hærri vaxtakostnaði og þeir aðilar sem minna fundu fyrir kreppunni. Nýlega tilkynnt framlenging á aðgerðum ríkisstjórnarinnar og aðlögun sumra þeirra að þróun undanfarinna fjórðunga er þar jákvætt skref. Sjálfsgagt er hægt að finna fleiri leiðir til þess að ná þessu markmiði.

Stjórnvöldum hefur heilt yfir tekist vel upp við að fást við kórónukreppuna. Nú reynir á að treysta undirstöðurnar sem best fyrir komandi uppsveiflu fyrir alla innlenda aðila með hliðsjón af mjög misskiptum áhrifum kórónukreppunnar á hérlend heimili og fyrirtæki.



Klæðskerasniðin þægindi

DUXIANA®

Ármúla 10 ☎ 568 9950 duxiana.is

Háþróaður svefnbúnaður



SKOÐUN

Helgi Vífill
Júlíusson



Slæmur kokteill

Líkja má íslensku hagkerfi, með mikilli einföldun, við ungan glaugmoga sem ólst upp hjá vel stæðum foreldrum. Sonurinn gat áhyggjulaust flosnað upp úr menntaskóla og lifað í vellystingum þökk sé traustu baklandi. Nema hvað, það verða breytingar á hógum foreldranna. Þeir geta ekki lengur framfleytt afkvæminu og nú þarf hann að taka sig taki.

Þessi undarlega samlíking krefst útskýringa: Það er bölvun og blessun að Ísland búi að miklum náttúruauðlindum. Þær hafa fært okkur auðlegð en gert það að verkum að við höfum getað komist upp með að leggja ekki rækt við hugvitsgreinar. Náttúruauðlindir hafa sömuleiðis gert það að verkum að útflutningsgreinarnar hafa verið sneggri að sleikja sárin sem þrálát verðbólga og gengisfall, sem rekja má til launahækkana umfram svigrúm í hagkerfinu, valda rekstrinum.

Nú er komið að kaflaskilum. Auðlindir, sem eru takmarkaðar, munu ekki knýja áfram hagvöxt á Íslandi á 21. öldinni. Þess vegna verðum við að byggja upp hugvitsdrifinn iðnað til að draga vagninn. Til að skapa frjóan jarðveg fyrir nýsköpun er brýnt að koma á gengisstöðugleika. Sprotafyrirtæki og þekkingariðnaður ráða illa við rússíbanareid í gengismálum. Mikilvægt skref í þá átt er að launahækkar miðist við svigrúm.

Þess vegna vekur það ugg að Drífa Snædal, forseti ASÍ, skuli segja að stöðugleiki sé ekki í boði eins og sakir standa. Hún virðist reiðubúin að endurtaka enn eitt höfrunga-hlaupið. Verðbólguátt mun auka á vanda þeirra sem minnst hafa á milli handanna en launahækkar ef til vill auka hróður verkalýðsforkólfa innan hreyfingarinnar fyrir að gefa sig ekki. Heillavænlegra væri að stuðla að aukinni hagsæld með því að skapa jarðveg fyrir hugvitsiðnað.

Að sama skapi þykir Drífu mikilvægt að hækka fjármagnstekjuskatt til jafns við tekjuskatt einstaklinga. Launa- og skattahækkar væru slæmur kokteill fyrir frumkvöðla-umhverfið. Fyrir utan að henni virðist standa á sama um að fyrst er greiddur tekjuskattur af hagnaði fyrirtækja og því næst er hluthöfum gert að standa skil á fjármagnstekjuskatti. Stóra málið er að hærri skattar draga úr nýsköpun og leiða til þess að færri stofna til áhættusams rekstrar. Það má ekki stinga höfðinu í sandinn hvað það varðar.

Það hefur verið mikill uppgangur hjá hugvitsdrifnum fyrirtækjum á undanförunum árum. Í íþróttum er dauðafærum oft klúðrað eftirminnilega. Við megum ekki við því að klúðra þessu dauðafæri. Jafnvel þótt forseti ASÍ reyni að þvælist fyrir.

Oculus fær sjö milljarða fjármögnun

Lyfjaþróunarfyrirtækið Oculus, sem stofnað var af íslenskum prófessorum, aflaði 57 milljóna Bandaríkjadala, jafnvirði sjö milljarða króna, í fjármögnun þar sem var umframtirspurn. Fjármögnunin var leidd af BVCF Management and Hyfinity Investments, sem koma nýir í hluthafahópinn, eins og VI Partners og Wille AG. Þetta kemur fram á heimasíðu Oculus.

Oculus, sem hefur þróað tækni við meðhöndlun augnsjúkdóma, var stofnað 2003 af dr.



Dr. Þorsteinn Loftsson, einn stofnenda Oculus.

Einari Stefánssyni, prófessor í augnlækningum, og dr. Þorsteini Loftssyni, prófessor í lyfjafræði. Þeir leiða enn rannsóknir og nýsköpun fyrirtækisins.

Á meðal hluthafa Oculus eru vísisjóður á vegum Brunns Ventures og Silfurberg sem er í eigu hjónanna Friðriks Steins Kristjánssonar lyfjafræðings og Ingibjargar Jónsdóttur.

Riad Sherif, forstjóri Oculus, en fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Sviss, segir að það hilli undir lok lyfjaþróunar og brátt verði hægt að bjóða lyf félagsins til sölu. – hvj

30.04.2021

Óumdeilt er að Ísland eigi óskorad heimsmet í fjölda kjarasamninga og stéttarfélagamiðað við höfðatölu.

Hannes G. Sigurðsson, ráðgjafi Samtaka atvinnulífsins



Stykkishólmur
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Hveragerði
Kópavogur
Egilsstaðir
Borgarnes
Ísafjörður
Reykjavík
Akureyri
Akranes
Selfoss
Vík

LÆGSTA
VERÐIÐ

Ódýrt fyrir alla

Orkan býður lægsta eldsneytisverðið víða um land. Finndu þína Orkustöð á orkan.is og fylltu á bílinn þar sem þú færð meira fyrir peninginn. Sjáumst á Orkunni!



Sterkari saman
í sátt við umhverfið

LITRÓF

Guðjón Ó

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000